



MÝVATN

# Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

9.fundur.

**að Hlíðavegi 6, miðvikudaginn 26. nóvember kl. 09:15**

Mættir: Yngvi Ragnar Kristjánsson, Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, Sigurður G. Böðvarsson, Guðrún Brynleifsdóttir, Friðrik K. Jakobsson og Jón Óskar Pétursson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

## DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Fjárhagsáætlun 2015 – seinni umræða
3. Þriggja ára áætlun 2016-2018
4. Viðauki við fjárhagsáætlun 2014
5. Tilnefning fulltrúa í fagráð RAMÝ
6. Erindi Birgis Steingrímssonar dags. 10. nóvember 2014
7. Bréf Vinnumálastofnunar dags. 21. nóvember 2014
8. Ályktun fundar skólastjórnenda á starfssvæði Félagsþjónustu Norðurbings dags. 13. nóvember 2014
9. Málefni Sorpsamlags Þingeyinga ehf.

## Afgreiðslur:

1. Oddviti setti fund og lagði til að liðum 7, 8 og 9 yrði bætt á dagskrá. Þá lagði oddviti til að liðir 2 og 3, fjárhagsáætlun 2015 og þriggja ára áætlun 2016-2018 yrðu bornir upp til samþykktar samhliða. Samþykkt samhljóða.
2. Fyrir fundinum liggur fjárhagsáætlun Skútustaðahrepps fyrir árið 2015 og þriggja ára áætlun árána 2016-2018 ásamt meðfylgjandi greinargerð sveitarstjóra.

## Fjárhagsáætlun Skútustaðahrepps 2015-2018

### Greingargerð

Fjárhagsáætlun Skútustaðahrepps fyrir árin 2015-2018 var lögð fram til fyrri umræðu þann 12. nóvember 2014 og samþykkt við síðari umræðu þann 26. nóvember 2014. Fjárhagsáætlun þessi hefur verið unnin sveitarstjórn, sveitarstjóra, skrifstofustjóra auk þess sem samráð var haft við forstöðumenn stofnana sveitarfélagsins. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum er fjárhagsáætlun sá rammi markar útgjaldaheimild stofnana eða forstöðmanna á tímabilinu og ekki er heimilt að stofna til útgjalda utan þess ramma nema að áðurfenginni samþykkt sveitarstjórnar. Sú samþykkt þarf að stofna til í sérstökum viðauka við fjárhagsáætlun.

YRK

Markmið áætlunarinnar er reksturinn verði í jafnvægi og íbúum sveitarfélagsins verði tryggð sem best grunnþjónusta samhliða uppbyggingu í þágu íbúa og samfélags. Rekstur lítilla sveitarfélaga er afar næmur fyrir utanaðkomandi þáttum s.s verðlagsþróun og atvinnustigi. Mikilvægt er að gæta áfram fyllsta aðhalds og leita leiða til þess að auka skilvirkni í rekstri. Þar sem rekstur sveitarfélagsins er viðkvæmur verður leitast við að halda lántökum í lágmarki og jafnvel er eftirsóknarvert að draga ennfrekar úr skuldsetningu. Áætlun um fjárfestingar á kjörtímabilinu eru þessar helstar.

- Áframhaldandi endurnýjun dreifikerfis hitaveitu skv. áætlun
- Gámavöllur vegna sorphlokkunar
- Endurbætur á sundlaug
- Fráveitukerfi
- Gatnagerð í Reykjahlíð
- Slökkvibíll
- Áfram verður haldið með nauðsynleg viðhaldsverkefni

Fyrirvarar við þessi áform byggja á 64. gr. sveitarstjórnarlaga þar sem segir að sveitarstjórn beri að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum. Þessum markmiðum skal ná með eftirfarandi hætti.

1. samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum, og

2. heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. séu ekki hærri en nemur 150% af reglulegum tekjum.

Að framansögðu munu áfrom um fjárfestingar verða endurskoðaðar árlega með tilliti til framangreindra ákvæða laganna.

Samkvæmt 60 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 skiptist starfsemi sveitarfélaga á eftirfarandi hátt:

a) Sveitarsjóður, þ.e. aðalsjóður sveitarfélags auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð af skatttekjum.

b) Stofnanir sveitarfélaga, fyrirtæki og aðrar rekstrareiningar sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélaga og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.

Meginreglan er sú að í A-hluta, flokkast þær rekstrareiningar sveitarfélagsins sem fjármagnaðar eru að hluta eða öllu leyti með skatttekjum (aðalsjóður, eignasjóður og þjónustumiðstöð), en í B-hluta flokkast þær rekstrareiningar (þjónustueiningar) sem reknar eru sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar og hafa lagaheimild til að innheimta þjónustugjöld til þess að standa að fullu undir útgjöldum sínum (vatnsveita, fráveita, hitaveita, leiguíbúðir).

Tölulegar forsendur fjárhagsáætlunar 2015 gera ráð fyrir að útsvarstekjur hækki um 5,4% milli árana 2014 og 2015 skv. staðgreiðsluáætlun Sambands Íslenskra sveitarfélaga. Álagningarhluföll útsvars og fasteignaskatta verða óbreytt milli ára og verða sem hér segir;

Útsvar	14,52%
Fasteignaskattur A	0,625% af fasteignamati
Fasteignaskattur B	1,32% af fasteignamati
Fasteignaskattur C	1,65% af fasteignamati

Vatnsgjald, 0,15% af fasteignamati.

Holræsagjald, 0,225% af fasteignamati.

Lóðaleiga, kr. 10,00 á m<sup>2</sup>.

Gjalddagar ofangreindra gjalda umfram kr. 15.000- verði 8, sá fyrsti 1. mars. 2015.

Gjalddagi gjalda undir kr. 15.000- verði 1. maí.

Verði fasteignagjöld að fullu greidd fyrir eindaga fyrstu greiðslu sem er 31. mars 2015, verður veittur 3,5% staðgreiðsluafsláttur.

YRK

Fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði, sem eigandi býr í, skal felldur niður/lækkaður hjá elli- og örorkulífeyrisþegum samkv. eftirfarandi reglum:

**100% lækkun:**

Einstaklingar með (peninga) tekjur allt að kr. 2.817.000-

Hjón með (peninga) tekjur allt að kr. 3.933.000-

**80% lækkun:**

Einstaklingar með (peninga) tekjur allt að kr. 2.817.000- til kr. 3.232.000-

Hjón með (peninga) tekjur allt að kr. 3.933.000- til kr. 4.380.000-

**50% lækkun:**

Einstaklingar með (peninga) tekjur allt að kr. 3.232.000- til kr. 3.763.000-

Hjón með (peninga) tekjur allt að kr. 4.380.000- til kr. 5.230.000-

Sorphirðugjöld verða lögð á samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá. Þar sem unnið er að endurskipulagningu á fyrirkomulagi sorphirðu mun aðeins verða lagt sorphirðugjald á fyrirtæki í 6 mánuði árið 2015 en gert er ráð fyrir að nýtt kerfi verði innleitt um mitt ár 2015.

Heimili 41.300 kr.

Fyrirtæki

a	20.607 kr.
b	56.697 kr.
c	103.376 kr.
d	189.674 kr.
e	284.625 kr.
f	370.013 kr.
g	561.110 kr.

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra. Ákveðið hefur verið að innheimta heilbrigðiseftirlits- og umhverfisgjöld af fyrirtækjum vegna gjaldaársins 2015, sem heimilt er samkv. lögum.

**Sveitarstjórn áskilur sér rétt til endurálagningar á sorphirðugjöldum á árinu 2015 verði meiriháttar frávik frá áætlun um endurskipulagningu sorphirðu í sveitarfélaginu.**

Gert ráð fyrir hækkunum í Íþróttamiðstöð um 5% að meðaltali. Í leikskóla og tónlistarskóla um 3,5% sem er í samræmi við verðlagsforsendur. Gjaldskrá Hitaveitu Reykjahlíðar og Hitaveitu í Birkilandi hækkar um 10% í ljósi umfangsmikilla endurbóta á dreifikerfi veitunnar. Gjaldskrá vegna gatnagerðargjalds, stofngjald holræsa, byggingaleyfisgjalds, gjalda vegna skipulagsvinnu og afgreiðslu- og þjónustugjalda tekur mið af hækkun bygginarvísitölu sbr.1. gr samþykktar Skútustaðahrepps um gatnagerðargjald, stofngjald holræsa, byggingarleyfigjald, gjalds vegna skipulagsvinnu og afgreiðslu og þjónustugjalda frá 23. júní 2011. **Gjaldskrár verða birtar á heimasíðu sveitarfélagsins.**

Áætlunin 2015 gerir ráð fyrir jafnvægi í rekstri. Heildartekjur samstæðunnar (A+B hluta) nemi 387,1 milljónum, þar af nema tekjur A-hluta 357 milljónum. Rekstrargjöld samstæðu fyrir fjármagnsliði nema 368,2 milljónum, þar af nema rekstargjöld A-hluta 350,8 milljónum. Fjármagnliðir nettó þ.e fjármagnsgjöld nema 8,3 milljónum, þar af nema fjármagnsgjöld A-hluta 895 þúsund. Óreglulegir liðir nema 600 þúsund. Rekstarniðurstaða samstæðu er jákvæð um 10,3 milljónir, þar af er rekstarniðurstaða A-hluta jákvæð um 5,3 milljónir. Veltufé frá rekstri samstæðu nemur 38,9 milljónum eða 10,6%. Handbært fé frá rekstri samstæðu nemur 37,7 milljónum eða 9,7%. Skuldahlutfall þ.e skuldir sem hlutfall af heildartekjum skv. sveitarstjórnarlögum verður 61,4%.

YRK

## Fjárfestingaáætlun 2015

Slökkvibíll	3.600.000
Viðhald í sundlaug	3.000.000
Fráveita	5.000.000
Hitaveita endurnýjun stofnlagnar	30.000.000
Eignasjóður óskilgreint	400.000
<b>Samtals</b>	<b>42.000.000</b>

Gert er ráð fyrir 30 milljón króna lántöku til framkvæmda 2015.

## Fjárhagsáætlun 2016-2018

Í þriggja ára áætlun er gert ráð fyrir jafnvægi í rekstri og jákvæðri afkomu samstæðunnar á öllum árum áætlunarinnar. Gert er ráð fyrir umtalsverðum fjárfestingum á tímabilinu, eða 30 milljónum króna á ári. Ekki er gert ráð fyrir frekari lántökum á tímabilinu og því verður unnið að hagræðingu í rekstri með það að markmiði að greiða niður skuldir sveitarfélagsins. Gert er ráð fyrir að skuldahlutfall samstæðunar fari lækkandi og verði í lok tímabilsins 55% af heildartekjum. Þó ber þess að geta að nokkur óvissa ríkir um fjárfestingar m.a vegna fráveitu og verður fjárfestingaþörfin því endurmetin árlega á gildistíma áætlunarinnar.

Mývatnssveit 24. nóvember 2014.

Jón Óskar Pétursson, sveitarstjóri.

Oddviti lagði fram eftirfarandi bókun.

*Sveitarstjórn samþykkir fjárhagsáætlun Skútustaðahrepps 2015 og þriggja ára áætlun 2016 -2018. Sveitarstjórn þakkar starfsmönnum sveitarfélagsins fyrir vel unnin störf við gerð fjárhagsáætlunar. Samþykkt samhljóða.*

4. Lagt fram yfirlit um viðauka við fjárhagsáætlun 2014. Eftirfarandi liðir koma til hækkunar.

10-33-4620	Viðhald gatna í Reykjahlíð	900.000
11-41-4960	Umhverfismál-hreingerningar	1.035.000
13-23-4690	Atvinnumál-viðhald Reykjahlíðargirðingar	1.200.000
21-41-1110	Sameiginlegur kostnaður v/skipta sveitarstjóra	4.540.000
57-13-4620	Leiguíbúðir viðhald Birkihraun 6	900.000
<b>Samtals</b>		<b>8.575.000</b>

*Sveitarstjórn samþykkir framlagða viðauka við fjárhagsáætlun 2014 og samþykkir að útgjaldaauka vegna þeirra verði mætt með lækkun á handbæru fé.*

5. Í bréfinu, frá Umhverfis og auðlindaráðuneytinu, er óskað eftir sameiginlegri tilnefningu eins fulltrúa frá sveitarfélögunum Skútustaðahreppi, Þingeyjarsveit og Norðurþingi í fagråd RAMÝ  
*Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og oddvita að ganga frá tilnefningu fulltrúa í fagråd RAMÝ í samráði við Þingeyjarsveit og Norðurþing.*
6. Í erindinu óskar Birgir Steingrímsson eftir lækkun á framkvæmdaleyfisgjaldi vegna skógræktar á Litlu- Strönd. *Sveitarstjórn hafnar erindinu þar sem umrætt gjald er lagt á samkvæmt gjaldskrá sveitarfélagsins sem er í samræmi við gjaldskrár viðmiðunar sveitarfélaga. Sveitarstjórn vill að gefnu tilefni vekja athygli á að gjaldskrár vegna framkvæmdaleyfa eru aðgengilegar á heimasíðu sveitarfélagsins á fylgjandi vefslóð*

[http://myv.is/files/Samþykkt%20um%20gatnag.gjald%20ofl%202011\\_1999134821.pdf](http://myv.is/files/Samþykkt%20um%20gatnag.gjald%20ofl%202011_1999134821.pdf).

*YRK*

7. Í bréfinu tilkynnir Vinnumálastofnun að stofnunin hyggist ekki framlengja þjónustusamning við Skútustaðahrepp dags. 23. september 2012 vegna móttöku umsókna um atvinnuleysistryggingar skv. 10. gr þjónustusamningsins þar sem stofnunin hyggst innleiða nýtt verklag við móttöku umsókna um atvinnuleysistryggingar. Jafnframt er þess óskað að sveitarfélagið láti í té, án endurgjalds, aðstöðu fyrir ráðgjafa stofnunarinnar til þess að sinna viðtölum og ráðgjöf við atvinnuleitendur endrum og sinnum. *Sveitarstjórn harmar ákvörðun Vinnumálastofnunar um þjónustuskerðingu í sveitarfélaginu en samþykkir að styðja við stofnunina með því að veita endurgjaldslausu aðstöðu til viðtala við atvinnuleitendur í Skútustaðahreppi.*
8. Í ályktuninni er vakin athygli á að með núverandi fyrirkomulagi og samningi um sérfræðiþjónustu við skóla á þjónustusvæði Félagsþjónustu Norðurlþings eru ekki uppfyllt ákvæði laga nr.91/2008 um grunnskóla og nr.90/2008 um leikskóla sem útfærð eru í reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu við leik-og grunnskóla. *Sveitarstjórn samþykkir að vísa ályktuninni til umfjöllunar í skólanefnd og kallar eftir tillögum nefndarinnar um mögulegar úrbætur þannig að ákvæði laga og reglugerðar séu uppfyllt. Jafnframt fylgi þeirri skoðun áætlun um kostnað vegna mögulegra breytinga.*
9. Oddviti kynnti vinnu sem farið hefur fram vegna slita á Sorpsamlagi Þingeyinga ehf og kynnti drög af samkomulagi hluthafa um útgöngu sem unnið af endurskoðunarfyrirtækinu PWC. Aðilar eru sammála um að hlutfé Sorpsamlagsins verði fært niður um 410.000.000 og að niðurfærslan verði notuð til jöfnunar á yfirfærðu og uppsöfnuðu tapi félagsins. Þá hafa aðilar gert samkomulag um sameiginlega ábyrgð á þeirra á kostnaði sem kann að falla á Sorpsamslag Þingeyinga ehf. og rekja má til atburða fyrir ára. Fyrir liggur vilji sveitarfélagsins Norðurlþings um nýtingu forkaupsréttar á hlutum Þingeyjarsveitar, Skútustaðahrepps og Tjörneshrepps í félaginu sem byggir á áætlðu upplausnarvirði félagsins miðað við mánaðarmótin september/október 2014. Samkvæmt áðurgreindu verðmati nemur hrein eign þ.e eignir að frádeignum skuldum 32.850.018 kr. Miðað við verðmat félagsins, fyrirliggjandi eignahluta hvers og eins og áhrif hlutafjáraukningarinnar sem þegar hefur verið greidd er kaupverð Norðurlþings samtals 11.241.152 kr og greinist á seljendur hlutanna í hlutfalli við eignarhald. Samkvæmt því nemur hlutur Skútustaðahrepps í söluandvirði hlutanna 3.634.398 kr. *Sveitarstjórn samþykkir framlögð gögn og veitir Yngva Ragnari Kristjánssyni oddvita fullt umboð til undirritunar allra skjala er tengjast viðskiptunum.*  
Undir þessum lið var jafnframt lögð fram drög að samkomulagi núverandi hluthafa um meðferð kostnaðar sem kann að hljótask af varðandi þegar urðuðum úrgangi og Umhverfisstofnun hefur gert og kann að gera athugasemdir við. Jafnframt eru aðilar sammála um að allur annar kostnaður sem hugsanlega kann að falla á félagið og rekja má til atburða fyrir gerðar samkomulagsins s.s vegna bótakrafna ofl sem ekki fást bættar úr gildandi váttryggingum félagsins eða á annan hátt, skuli skiptast milli núverandi hluthafa í hlutfalli við eignarhlut hvers og eins. Aðilar eru sammála um að ábyrgð vegna ofangreindra aðila haldist þrátt fyrir að breytingar kunni að verða á eignarhaldi Sorpsamlags Þingeyinga ehf., s.s úrsögn einhverra aðila úr félaginu eða hugsanleg slit þess. *Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leiti framlögð samkomulagsdrög og felur Yngva Ragnar Kristjánssyni oddvita umboð til undirritunar samkomulagsins.*

YRK



Fleira ekki gert og fundi slitið kl 11:00

Yngvi Ragnar Kristjánsson

Yngvi R. Krist

Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir

Jóhanna K. Þórhallsd.

Sigurður Böttvarsson

Sigurður B.

Guðrún Brynleifsdóttir

Guðrún Brynleifsd.

Friðrik Jakobsson

Friðrik Jak

Jón Óskar Pétursson, sveitarstjóri

Jón Óskar Pétursson